



ÞELAMERKURSKÓLI

# Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats Menntamálastofnunar sem framkvæmt var í mars 2021



ÞELAMERKURSKÓLI

## Inngangur

Í byrjun mars 2021 gerðu matsaðilar á vegum Menntamálastofnunar, fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, úttekt á skólastarfi Þelamerkurskóla. Úttektin er liður í ytra mati skóla og er tilgangur matsins fyrst og fremst að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðslufirvöld, starfsfólk skóla, foreldra og nemendur. Einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leik, grunn- og framhaldsskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, vera hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Jafnframt á matið að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Ytra matið byggir á [viðmiðum um gæði skólastarfs](#) og skiptist í þrjá megin kafla; Stjórnun og fagleg forysta, Náms og kennsla og Innra mat.

Niðurstöður matsins eru settar fram í [skýrslu sem birt var í apríl 2021](#). Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og tilgreind tækifæri til umbóta í hverjum kafla fyrir sig. Matsaðilar kynntu niðurstöður á fundi með starfsfólki, fræðslunefnd, skólaráði og sveitarstjórn. Í kjölfarið unnu stjórnendur ásamt starfsfólki, skólaráði og fræðslunefnd að þeirri umbótaáætlun sem hér lítur dagsins ljós. Í umbótaáætluninni eru listuð upp þau tækifæri til umbóta sem lögð voru fram í matsskýrslunni og tilgreint hvernig og hvenær skólinn hyggst vinna að umbótum.

Það er gagnlegt og gott fyrir skólastarfið að taka þátt í úttekt sem þessari. Niðurstöðurnar eru á heildina litið mjög jákvæðar fyrir skólasamfélagið í Hörgársveit og með góðum ábendingum um tækifæri til umbóta gefst tækifæri til að gera gott skólastarf enn betra.

Þelamerkurskóli þakkar matsaðilum Menntamálastofnunar gott samstarf og vonar að ytra mat festist í sessi með reglulegu millibili í skólum landsins, skólastarfi til hagsbóta.

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir  
Skólastjóri Þelamerkurskóla





## Skólaprófill

Niðurstöður ytra mats eru settar fram með myndrænum skólaprófil til viðbótar við texta og upptalningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Megin kaflarnir eru eins og áður kemur fram þrjú talsins og undirkaflarnir sem mynda litaprófil skóla eru 16. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

### Skólaprófill Pelamerkurskóla

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

### Útskýring á litakóðun

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.



ÞELAMERKURSKÓLI

Tækifæri til umbóta, skv. skýrslu	Aðgerðir til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðilar	Endurmat hvenær og hvernig.
<b>Stjórnun og fagleg forysta</b>					
Stjórnendur hafi fastan fundartíma þar sem fram fer formleg umræða og fundargerðir eru skráðar. Jafnframt skal skrá formlega verkaskiptingu stjórnenda á milli.	Frá haustinu 2021 verða festir vikulegir fundir stjórnenda í fyrri hluta hvernar viku þar sem fram fer formleg umræða um skólastarfið og fundargerðir eru skráðar. Á fyrsta fundi í ágúst er farið yfir formlega verkaskiptingu milli stjórnenda með áherslu á styrkleika og færni hvors aðila fyrir sig.	ágúst 2021	ágúst 2021	Skólastjóri	Rýnihópamat vor 2022
Skrá þarf ábyrgðaraðila allra verkefna og gera fundargerðir aðgengilegar.	Við skipan í nefndir og ráð haustið 2021 verður skráð hver er ábyrgðaraðili hvers verkefnis og hvernar nefndar auk þess sem skipan í hlutverk fer fram á fyrsta fundi hvernar nefndar, s.s. ritari og tímavörður. Sú ábyrgð sem fylgir hverju hlutverki verður skráð í starfsáætlun hvernar nefndar.	ágúst 2021	ágúst 2021	Stjórnendur	Rýnihópamat vor 2022
Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að endurskoðun og gerð skólareglna.	Á kynningarfundum með foreldrum og forráðamönnum að hausti skal farið yfir mismunandi hlutverk aðila og leiðir til að koma hugmyndum og skoðunum á framfæri. Við endurskoðun á skólareglum skal send út könnun til að kalla eftir sjónarmiðum foreldra og skólaráðs. Sjónarmið nemenda koma	sept. 2021	des. 2021	Stjórnendur	Mat á fundum skólaráðs og stjórnar foreldrafélagsins reglulega yfir skólaárið.



ÞELAMERKURSKÓLI

	fram á bekkjarfundum.				
Skipa fulltrúa í skólaráð í samræmi við reglugerð þar um.	Tryggt verður að fá fulltrúa nemenda úr 8. og/eða 9. bekk í skólaráð svo öruggt sé að viðkomandi sitji í ráðinu í tvö ár í senn.	ágúst 2021	ágúst 2021	Skólastjóri	Mat á fundi skólaráðs.
Huga að leiðum til að virkja foreldra í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólstarfsins og tryggja að allir hagsmunaaðilar séu virkir við stefnumótun skólans.	Sendu tölvupósta og kannanir til foreldra og skólaráðs og óska eftir sjónarmiðum þeirra þegar taka á stærri ákvarðanir um þróun og skipulag skólstarfsins. Tryggja nægilega tíðni funda með stjórn foreldrafélagsins og hvetja til öflugs upplýsingaflæðis frá stjórn og út í foreldrahópinn allan. Tryggja umræðu um skipulag og stefnumótun skólstarfsins á bekkjarfundum.	sept. 2021	júní 2021	Stjórnendur	Rýnihópamat að vori 2022, mat á fundum foreldrafélagsins og foreldrakönnun 2023.
Skrá verklag um með hvaða hætti upplýsingum um árangur í námi og öðru skólstarfi sé miðlað til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.	Skrifa í starfsáætlun hvernig upplýsingum um árangur sé miðlað til aðila skólstarfsins. Verklagið byggir meðal annars á aukinni fræðslu um hæfnimiðað nám og notkun mentor kerfisins í því samhengi.	júní 2021	okt. 2021	Stjórnendur og kennarar.	Rýnihópamat að vori 2022 og mat á fundum foreldrafélagsins og skólaráðs.
Kynna stoðþjónustu með markvissum hætti.	Haustrfundir með forráðamönnum í hverjum námshópi fyrir sig þar sem farið er vel yfir tilgang stoðþjónustu, verklag í kringum stoðþjónustu innan skólans sem utan og það sem í boði er fyrir nemendur og foreldra sem óska eftir aðstoð.	sept. 2021	okt. 2021	Stoðteymi skólans	Metið á fundi stoðteymis í desember 2021 og fundum foreldrafélags og skólaráðs í janúar 2022.



PELAMERKURSKÓLI

	<p>Setja í vikupósta og/eða dagskrá mánaðarins slóðir á kynningarefni um stoðþjónustu sem og aðra þjónustu eða málefni sem eru efst á baugi.</p> <p>Viðhalda góðri kynningu á stoðþjónustu á heimasíðu skólans og uppfæra eftir þörfum.</p>				
<b>Nám og kennsla</b>					
<p>Skrá í námsvísa og kennsluáætlanir hvernig tilhögun og framkvæmd námsaðlögunar og stuðnings er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.</p>	<p>Setja í sniðmát námsáætlana sérstakan reit sem heitir námsaðlögun og búa til sýnishorn af því hvernig námsaðlögun er tilgreind m.t.t. námsumhverfis, kennsluhátta og stuðnings til að tryggja að þörfum allra nemenda sé sem best mætt.</p>	<p>ágúst 2021</p>	<p>okt. 2021</p>	<p>Stjórnendur og stoðteymi</p>	<p>Mat á námsáætlunum fyrir birtingu, mat á mánaðarlegum fundum stoðteymis með umsjónar-kennurum.</p>
<p>Endurskoða einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs.</p>	<p>Sýnishorn af sniðmátum einstaklingsnámskráa frá öðrum skólum skoðuð með það að leiðarljósi að þróa og betrubæta það form sem hér er notað. Ræða samhliða því útfærslu einstaklingsnámskrá í mentor. Útbúa yfirlitsskjal þar sem stoðteymi safnar upplýsingum um námsframvindu, þarfir, leiðir og mat jafnóðum svo auðveldara sé að tryggja að einstaklingsáætlanir séu lifandi skjöl í stöðugri þróun með framvindu og árangri hjá viðkomandi</p>	<p>sept. 2021</p>	<p>maí 2022</p>	<p>Stjórnendur og stoðteymi</p>	<p>Mat á einstaklingsnámskrám, mat á teymisfundum með foreldrum og stoðþjónustu, mat á fundum stoðteymis með umsjónar-kennurum.</p>



PELAMERKURSKÓLI

	nemanda. Tengja við þróun verkefnisins Gerum gott betra.				
Rýna og vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda í samræmdum prófum.	Á stoðteymisfundum með umsjónarkennurum skal rýna í niðurstöður námsmats þegar það liggur fyrir og skrá markvisst niður hugmyndir að leiðum til úrbóta. Tryggja skal samfelli í hæfnikortum hvernar námsgreinar fyrir sig þannig að tryggður sé árangursmiðaður stígandi í náminu.	okt. 2021	mars 2022	Umsjónar-kennarar	Niðurstöður samræmdra prófa.
Rýna og vinna markvisst að því að efla trú nemenda á eigin getu og vinnubrögðum, efla sjálfsálit þeirra og samsömun við nemendahópinn.	Áfram skal haldið með Hugarfrelsi og önnur verkfæri til að styrkja sjálfsmynd nemenda, hjálpa þeim að átta sig á eigin styrkleikum og leiðum til að nýta styrkleikana sjálfum sér í hag. Stöðug hvatning og áhersla á að trú starfsfólks á færni og frammistöðu nemenda sé ávallt til staðar og sýnileg í daglegu starfi.	ágúst 2021	júní 2022	Allir	Rýnihópamat að vori, nemenda-kannanir og starfsmanna-samtöl.
Gæta þess að kennslustundafjöldi í námsgreinum uppfylli viðmiðunarstundaskrá.	Við gerð stundataflna er tryggt að talið sé út skv. viðmiðunar- stundaskrá. Við skipulag þemavinnu og samþættingar í námi skal kortlagt og tryggt að allar námsgreinar fá tilhlýðilegan tíma.	júní 2021	ágúst 2021	Stjórnendur og kennarar.	Rýnihópamat og teymisfundir.
Huga þarf að því að nemendur í tónlistarnámi missi ekki ávallt af kennslustundum í sömu námsgrein.	Samráðsfundir kennara tónlistarskólans annars vegar og Pelamerkurskóla hins vegar eiga að tryggja að við gerð stundatöflu fyrir hvern nemanda tónlistarskólans sé passað uppá að nemendur fari úr mismunandi	ágúst 2021	sept. 2021	Stjórnendur og kennarar.	Teymisfundir umsjónar-kennarateyma



PELAMERKURSKÓLI

	kennslustundum til að sækja sitt tónlistarnám.				
Vinna markvisst að því að kenna og þjálfa alla nemendur í að setja sér markmið í námi, gera þeim ljós markmið kennslustunda og verkefna og þjálfa þau í að meta eigin framfarir.	Halda áfram innleiðingu hæfnimiðaðs náms með áherslu á að nemendur séu ávallt með viðeigandi hæfniviðmið og viðmið um árangur fyrir augunum. Kenna þeim markvisst í gegnum fjölbreytt námstækifæri að nýta sér hæfniviðmiðin, meta sig sjálf út frá þeim og efla samhliða því samræður kennara við nemendur um framvindu námsins út frá þeirri hæfni sem unnið er að því að ná.	ágúst 2021	júní 2022	Kennarar	Teymisfundur umsjónar-kennarateyma og rýnihópamat að vori 2022.
Skrá nöfn þeirra nemenda og starfsfólks sem eru í nefndum og ráðum á heimasíðu og leita leiða til að kynna á markvissan hátt nefndir og ráð fyrir nemendum.	Kynna nefndir og ráð að hausti í öllum bekkjum. Á kynningum verður farið yfir tilgang og markmið ráðanna/nefndanna.	ágúst 2021	sept. 2021	Umsjónar-kennarar	Rýnihópamat að vori Kennarafundir Bekkjarfundir
Leita leiða og þjálfa nemendur til að gera sér betur grein fyrir hlutverki sínu í nefndum, ráðum og skipulagi skólstarfsins.	Stjórnendur ásamt kennurum sem halda utan um nefndir og ráð funda að hausti með nemendum um hlutverk þeirra í nefndunum/ráðunum.	sept. 2021	sept. 2021	Stjórnendur	Rýnihópamat að vori Kennarafundir Bekkjarfundir
Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.	Ritarar hvers fundar sjá til þess að koma fundargerðum á framfæri á heimasíðu skólans. Þess verður gætt að nemendur í nefndum og ráðum skili af sér	sept. 2021	maí 2021	Ábyrgðar-aðilar í hverri nefnd fyrir sig	Rýnihópamat að vori Kennarafundir Bekkjarfundir





BELAMERKURSKÓLI

	upplýsingum til bekkjanna þegar þurfa þykir.				
<b>Innra mat</b>					
Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur. Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.	Skólaráð Belamerkurskóla verði í hlutverki matsteymis um innra mat. Í skólaráði sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila og með þessu gefst færi á að virkja skólaráð enn frekar til samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.	Maí 2021	Ágúst 2021	Skólastjóri	Á síðasta fundi skólaráðs vorið 2022.